

## Karateþing

9. febrúar 2008

1. Þingsetning
2. Reinharð Reinharðsson kosinn þingforseti
3. Indriði Jónsson kosinn þingritari

### *Kosning*

Kjörbréfanefnd: Halldór Svavarsson, Kristján Gaukur Kristjánsson og Ólafur Helgi Hreinsson

Fjárlaganefnd Kristján Gaukur Kristjánsson, Indriði Jónsson og Willem Cornelius Verheul

Laga og leikreglanefnd: Ólafur Helgi Hreinsson, Jón Ingi Þorvaldsson, Anna Birna Rögnvaldsdóttir

Allsherjarnefnd: Felld niður vegna málefnaeysis

Kjörnefnd: Willem Cornelius Verheul, Reinharð Reinharðsson, Birgir Bachman

### *Kjörbréfanefnd:*

Afturelding 0, Víkingur 4, Haukar 0, Breiðablik 1, KFR 4, Þórshamar 2, Fjölnir 2, Fylkir 1, KAK 0, Völsungur 0. Alls 14 mættir.

### *Skýrsla stjórnar*

Reinharð Reinharðsson flutti skýrslu stjórnar. Ánægja með GrandPrix. Einnig ánægja með endurvakningu NM. NM verður haldið á Íslandi 12. apríl. Lettum boðið að taka þátt. Nokkur dómaraánámskeið verið haldin hér heima, einnig hafa einstaklingar farið erlendis. Allan Busk látið að störfum sem landsliðsþjálfari í kumite eftir störf frá 2002.

Kristján Gaukur Kristjánsson og Atli Steinn Guðmundsson láta af stjórnarstörfum og er þeim og öðrum þakkað góð störf á árinu.

Vísað í heildarskýrslu stjórnar með önnur atriði.

Ávarp gesta: Sigríðar Jónsdóttur form. ÍSÍ. flytur kveðju Ólafs Rafnssonar forseta ÍSÍ. Kemur úr badmintoníþróttinni. Minntist á að hafa ekki séð fréttir frá Oslóferðinni í fjölmiðlum, taldi það hugsanlega vera hógværd um að kenna.

Sagði frá því að nú væri Olympíuár þó karate væri ekki Olympíuíþrótt.

ÍSÍ er að vinna starf til að skapa sérsamböndunum rekstrargrundvöll. Vætanlega geta minni sérsambönd ráðið starfsmenn í a.m.k. hlutastarf. Sagði frá ferðasjóð fyrir landsbyggðarfélag sem væri verið að byggja upp. Ánægð með fjármál KAÍ segir okkur sníða hreyfingunni stakk eftir vexti.

Gjaldkeri KAÍ, Kristján Gaukur Kristjánsson, leggur fram reikninga f. árið. Tekjur og fjöld voru nánast þau sömu eða um 4,4mkr. Hagnaður ársins var 117þkr. Eigið fé í árslok 1,5mkr.

Nefndi að tekjur af mótum stæðu ekki undir kostnaði við mótin í heild og sérstaklega ekki ef horft er til kostnaðar við dómaraánámskeið. Reikningar samþykktir einróma

*Fjárhagsáætlun lögð fram*

330.000 aðildargjöld

1.350.000 lottó

4.000.000 ÍSÍ

550.000 mótatekjur

650.000 aðrir styrkir

5.000.000 tekjur

700.000 mótagjöld

300.000 landsliðsþjálfar

2.000.000 landsliðsferðir

160.000 árgjöld

200.000 kynningastarf

300.000 unglíngastarf

100.000 Námskeiðahald

300.000 dómarahald

300.000 skrifstofuhald

700.000 annað

Hagnaður 100.000

Áætlun vísað til fjárlaganefndar

Ein lagabreyting lögð fram í 2 liðum.

Orðið endurskoðendur er lögverndað og á tveim stöðum er því breytt í skoðunarmenn

Reglugerðarbreytingar. WKF er að gera allt sem þeir geta til að komast á

Olympíuleikana. Fyrir leikana 2012 voru 2 greinar samþykktar hæfar og var karate önnur en það var felld f. þessa leika. Verður skoðað aftur f. 2016.

Jafnað verði flokkar í báðum kynjum. Lagt er til að hér verði sömu flokkar. +/-61 kg í kvenna, -60, -67, -75, -84, + 84 í karla flokki.

Einnig breytt að 16-17 verði junior, 14-15 verða kadett. Á ÍM verða þessir flokkar frá næsta vetri.

Breytingar á GrandPrix og Bikarmótum sem verða sameinuð í Bikarmót með því að bæta fullorðinsflokkum við flokkun GrandPrix. Mótin verða f. 12 ára og eldri. Kumite karla og kvenna opnir flokkar. Kata karla og kvenna.

Breytingar á reglum um aganefnd hvað varðar kærufrestim til nefndarinnar sem verður framvegis 14 dagar.

Unglingastarf, 10 grein, Á unglíngamótum í kata bætist við í kadett og juniora, þarf að sýna 3 mismunandi kata.

## Nýr verðlisti

Felld niður leiga á keppnisdóti til félaga. Sjúkrataskan verður ekki lánuð framvegis.

Mótagjöld í vetur

- Barnamót 1.000 kr. f. einstakling og 1.000 f. lið
- Unglinga 1.500 kr f. einstakling og 1.500 f. lið
- Fullorðins 2.500 kr. og 3.500 kr
- Bikarmót 1.000 kr. í hverju móti pr. einstakling

Sektir

Vöntun á:

- Réttindadómara 10.000 kr.
- Aukadómara 5.000 kr.
- Starfsmenn 5.000 kr.
- Liðsstjóri 5.000 kr.

*Sekt á félag getur þó aldrei orðið hærri en fimmföld mótagjöld félagsins*

*Engin önnur mál*

*Vísað til nefndarstarfa*

Nefndarálit

KGK Lögð fram lítillaga breytt fjárhagsáætlun og verðlisti f. mót 2008-2009

- Aðildarfél 330.000
- Lottó 1.350.000
- ÍSÍ 790.000
- Ríkisstyrkur 1.500.000
- Mótahald 800.000
- Aðrir styrkir 500.000

*Tekjur 5.270.000*

- Mótamál 700.000
- Landslið 300.000
- Kumite og kata 2.000.000
- Árgjöld 160.000
- Kynning 200
- Unglingamál 300.000
- Dómaramál 350.000
- Skrifstofa 300.000
- Annað 700.000

*Gjöld 5.110.00*

*Afgangur 160.000 kr.*

- Barnamót 1.000 pr. einstakling og 1.000 pr. lið

- Unglingamót 1500 pr. einstakl. 1.500 pr. lið
- Fullorðinsmót 2500 pr. einstakl. 3.500 pr. lið
- Bikarmót 1.000 pr.einstakling

Laga- og leikreglanefnd

Orðinu endurskoðendur breytt í skoðunarmenn reikninga í 6. og 8. grein.Samþykkt einróma.

Tilkynning agabrota. Verður 14. dagar, ekki þörf á skýrslu í mótslok.

Breytingar á þyngdarflokkum

Samræmt við WKF breytingum.

Unglingamót í kata, kadett og juniorar skulu sýna a.m.k. 3 mismunandi kata sem má endurtaka eftir það. Hugmynd um að 13 ára taki a.m.k. 2 kata.

Breyting á aldursflokkum í kadett verði 14-15 ár og juniorar verði 16-17 ára.

Kumite drengja 12

Kumite drengja 13

Kumite kadett (14-15 ára) léttari\*

Kumite kadett (14-15 ára) þyngri\*

Kumite juniora (16-17 ára) léttari\*

Kumite juniora (16-17 ára) þyngri\*

Kumite telpna 12-13

Kumite kadett (14-15 ára) léttari\*

Kumite kadett (14-15 ára) þyngri\*

Kumite juniorar (16-17) léttari\*

Kumite juniorar (16-17) þyngri\*

- *ef fjöldinn leyfir*

Tillaga nefndar að GP og bikarmót verði aðskilin áfram. Lagt til við stjórn að skoða vel hvort það sé virkilega rétt að sameina mótin þó framkvæmdin geti verið sameinuð í einn mótadag.

Ólafur nefni líka að mæting á þingið sé hreinlega óvirðing og ætti hreinlega að sekta félög fyrir fjarstadda fulltrúa.

Formaður Kjörnefnd, Willem Cornelius Verheul:

Reinharð gefur kost áfram í formennsku

Aðrir í stjórn Gunnlaugur Sigurðsson, Jón Ingi Þorvaldsson, Halldór Svavarsson, Willem Cornelius Verheul

Varamenn:Guðni Már Egilsson, Anna Birna Rögnvaldsdóttir og Indriði Jónsson

Aganefnd: Ásmundur Ísak Jónsson, Ólafur Helgi Hreinsson, Gísli Magnússon, Helgi Jóhannesson, Willem Cornelius Verheul. Varamenn Vicente Carasco, Grétar Halldórsson, Guðni Már Egilsson

Dómararnefnd, landsliðsnefnd og mótanefnd skipuð af stjórn

Skoðunarmenn: Kristján Gaukur Kristjánsson og Indriði Jónsson

Önnur mál: Ólafur Helgi Hreinsson skorar á stjórn að halda samráðsfund

RR þakkar fyrir góðan fund og slítur þingi kl. 13:05